

um breyting á lögum nr. 25 27. júní 1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. lögjafarþingi, 1957.)

1. gr.

1. og 2. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:  
„Brot samkv. 5. gr. varðar sektum allt að 20 000 krónum.“

2. gr.

Lokamálsliður 10. gr. orðist svo:  
„Fé sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum visindum á Íslandi.“

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum háskólaráðs, og fylgdi því svo-fellð greinargerð:

„Með lögum nr. 25, 27. júní 1921 var Háskóla Íslands veitt einkaleyfi til útgáfu almanaka og dagatala. Í samræmi við 6. gr. laganna hefur framkvæmd þessara mála orðið á þá lund, að því er dagatöl varðar, að háskólinn hefur tekið gjöld af dagatölum, sem flutt hafa verið til landsins, og auk þess hefur verið heimt gjald af dagatölum, sem prentuð hafa verið hér á landi. Arður af þessu hefur runnið í Almanaks-sjóð samkv. ákvæðum 10. gr. laganna. Eign sjóðsins nam í árslok 1956 um 256 000 krónum, en vextir á því ári námu u. þ. b. 10 000 krónum.“

Í frv. þessu felast tvenns konar breytingar á gildandi lögum. Í 1. gr. er lagt til, að breytt sé sektarviðurlögum 7. gr. laganna, en í 2. gr. er lagt til, að breytt sé nokkuð reglum 10. gr. um úthlutun fjár úr Almanakssjóði. Skal nú farið nokkrum orðum um hvora grein fyrir sig.

Um 1. gr.

Samkv. 1. málsgr. 7. gr. laga nr. 25/1921 skal refsa fyrir brot á lögnum með sektum frá 100 til 2000 krónum. Samkv. 1. gr. laga nr. 14/1948 um hækkun fésekta, munu sektarviðurlög þessi vera nú 300—6000 krónur. Rétt þykir að hækka þessi viðurlög upp í 20 000 króna hámarkssekt, en óþarft er að ákveða nokkurt lágmark sektar.

Ákvæði 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 25/1921 er óþarft vegna almenna ákvæðisins í 3. málsgr. 52. gr. almennra hegningarlaga, og er því lagt til, að greint ákvæði 7. gr. sé fellt úr gildi.

Um 2. gr.

Í lokaákvæði 10. gr. laganna segir svo: „Skal verja vöxtum sjóðsins, þegar innstæða þykir hafa vaxið nægilega, til eflingar stærðfræðivisindum á Íslandi. Samkvæmt þessu ákvæði eru það eingöngu vextir sjóðsins, sem ráðstafa má til styrkveitinga eða með öðrum hætti, og að því er virðist eingöngu vextir hvers einstaks árs, svo að þeim verður að ráðstafa á næsta ári, er þeir falla til, ella ber að leggja þá við höfuðstól. Þær skorður, sem ákvæðið reisir við úthlutun fjár úr sjóðnum, hafa reynzt óheppilegar. Svo getur hagað til, að styrkverðar umsóknir um fé úr sjóðnum séu miklar tiltekið ár, en hins vegar fáar eða jafnvel engar önnur ár. Þegar svona stendur á, verka ákvæði laganna um úthlutun fjár úr sjóðnum mjög óheppilega. Segja má, að ákvæði þessi, er skjóta loku fyrir að hægt sé að ganga á höfuðstól sjóðsins, hafi verið eðlileg í upphafi, meðan verið var að afla sjóðnum nokkurs fjárstofns. Þar sem sjóðurinn er nú orðinn sémilega öflugur eftir því sem gerist um sjóði hér á landi, er engin ástæða til þess að rígbinda fé sjóðsins með þeim hætti, sem gert er í lögnum, enda má fyllilega treysta því, að háskólaráð muni ekki ganga óhæfilega nærri höfuðstól sjóðsins í úthlutunum sínum.“

Með vísan til þessara röksemda er lagt til í 2. gr. frumvarpsins, að ákvæði loka-málsliðs 10. gr. orðist svo: „Fé sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum visindum á Íslandi“. Í þessu ákvæði felast tvær breytingar. Í fyrsta lagi er úthlutun úr sjóðnum ekki einskorðuð við vexti, eins og er í gildandi lögum. Í öðru lagi segir í frumvarpinu, að úthluta megi fé úr sjóðnum til eflingar „stærðfræðilegum visindum“, þar sem aftur er talað um eflingu „stærðfræðivisinda“ í gildandi lögum. Orðalag frv. veitir háskólaráði svigrúm til að úthluta fé úr sjóðnum bæði til eflingar hreinna stærðfræðivisinda, svo og til rannsókna í visindagreinum, sem reistar eru á niðurstöðum stærðfræði, svo sem: eðlisfræði, stjörnufræði, efnafræði, tölfræði og verkfræði.“